

**III. HEIMTAUGARGJÖLD**

Heimtaugargjöld skulu greidd samkvæmt eftirfarandi töflu:

	Stofngjald kr.	Lengdargjald kr./m
1. 60 A 1-fasa .....	2 050.00	875.00
2. 60 A 3-fasa .....	2 050.00	1 060.00
3. 100 A 3-fasa .....	6 100.00	1 200.00
4. 200 A 3-fasa .....	20 900.00	1 825.00

Lengd heimtaugar reiknast í heilum metrum frá lóðarmörkum eða næsta úti-  
lengikassa að stofnlengikassa hússins. Rafveitan ákveður legu heimtaugar.

Gjaldskrá þessi gildir í skipulögðum svæðum í Húsavík. Sé um óskipulögð  
svæði að ræða eða aðstæður óvenjulegar er heimilt að krefjast aukagjalds af hús-  
eiganda.

Sé nauðsynlegt að setja upp spennistöð vegna ákveðins notanda og hún að  
mestu leyti í hans þágu, skal notandanum skylt að leggja til húsnaði undir stöð-  
ina, rafveitunni að kostnaðarlausu.

Heimtaugar í peningshús, beitinga- og bílskúra greiðist eftir reikningi. Heim-  
taugargjald greiðist við umsókn.

**IV. OPNUNARGJALD**

1. Hafi gjald sky. gjaldskrá þessari eigi verið greitt, svo að til lokunar hafi komið  
fyrir veitu, skal taka gjald fyrir enduroppnum kr. 250.00.
2. Ef fundin eru óleyfileg eða of stór vör, skal veitunni lokað og verður hún  
ekki opnuð fyrr en notandinn hefur greitt kr. 250.00 gjald á skrifstofu raf-  
veitunnar.

Söluskattur og viðlagagjald er innifalið í gjaldskránni. Söluskattur og viðlaga-  
gjald reiknast ekki af húshitun.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923,  
og Orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist  
til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi gjald-  
skrá fyrir Rafveitu Húsavíkur nr. 109 29. mars 1973.

*Íðnaðarráðuneytið, 31. desember 1973.*

**Magnús Kjartansson.**

*Jóhannes Guðfinnsson.*

**AUGLÝSING****um innflutningskvóta.**

Með skírskotun til 3. gr. reglugerðar nr. 79 27. maí 1960, um skipan gjaldeyris-  
og innflutningsmála o. fl., hefur ríkisstjórnin í samráði við Seðlabankann ákveðið  
eftirfarandi innflutningskvóta fyrir árið 1974:

Tollskrárn.	Vörutegund	Innflutnings- kvóti 1974
09.01.11	Brennt kaffi í smásöluumbúðum 2 kg eða minna	kr. 7 000 000
17.04.01	Lakkrís, sykraudur og lakkrísvörur.	
17.04.03	Brjóstsykur, sælgætistöflur og pastillur.	

Tollskrárn.	Vörutegund	Innflutnings- kvóti 1974
17.04.04	Tyggigúmmí, húðað með sykri og óhúðað.	
17.04.05	Karamellur.	
17.04.09	Aðrar sykurvörur, sem kakaó er ekki í.	
18.06.09	Súkkulaði og aðrar neysluvörur, sem í er kakaó	kr. 65 000 000
22.03.00	Ól gert úr malti, sem inniheldur 2¼% af vínanda að rúmmáli eða minna .....	— 8 000 000
25.23.00	Portlandssement, alumínatsement, slaggsement og annað hydrolískt sement, einnig litað eða sem sementsgjall .....	20 000 tonn
úr 85 01.09	Spennar, þó ekki rafsuðuspennar .....	— 15 000 000
94.01.09	Stólar og önnur sæti (þar með taldir svefnsofar o. þ. h.) og hlutar til þeirra, þó ekki sæti, er telj- ast til nr. 94.02 eða sæti í farartæki.	
94.03.09	Önnur húsgögn og hlutar til þeirra.	
94.04.00	Rúmbotnar, dýnur, púðar og þess háttar, stoppað- ur húsbúnaður með fjöðrum eða bólstraður eða hið innra úr hvers konar efni eða úr blásnu gúmmí, frauð- og svampgúmmí, eða úr blásnu plasti, frauð- eða svampplasti, einnig með yfirklæði (t. d. dýnur, stungnar ábreiður, sængur, æðardúnssæng- ur, sessur, púðar og koddar) .....	— 75 000 000
96.01.00	Sópar og burstar úr hrísi og öðrum jurtaefnum, aðeins samanbundið, en ekki fest á haus, með eða án skafts.	
úr 96.02.01	Aðrir sópar, penslar og burstar, þó ekki gúmmí-	
úr 96.02.09	þurrkur á skafti, skaftþvögur o. þ. h., ól. a. ....	— 5 000 000

Fyrsta úthlutun innflutningsleyfa fyrir þessum vörum fer fram í febrúar n. k. Umsóknir skulu hafa borist Landsbanka Íslands eða Útvegsbanka Íslands fyrir 1. febrúar 1974.

*Viðskiptaráðuneytið, 31. desember 1973.*

**Lúðvík Jósefsson.**

*Björgvin Guðmundsson.*